

II. tbl.

15. mars. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Vorgleði Þingeyjarskóla

Vorgleði grunnskóla- og tónlistardeildar Þingeyjarskóla verður haldin að Ýdölum **fimmtudaginn 23. mars og hefst klukkan 19:30.**

Sýnt verður leikritið Fjarskaland eftir Guðjón Davíð Karlsson. Tónlistina samdi Vignir Snær Vigfússon.

Nemendur miðstigs og 1., 2. og 3. bekkja hafa umsjón með sýningunni.

Miðaverð 2000 krónur fyrir fullorðna og 1000 krónur fyrir börn á skólaaldri.

Frítt fyrir börn á leikskólaaldri og grunnskólanemendur Þingeyjarsveitar.

ATH.! Ekki er hægt að greiða með korti.
Öll hjartanlega velkomin.

Nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla

Fótsnyrting

Kvenfélag Fnjóskdæla býður sveitungum 67 ára og eldri upp á fótsnyrtingu í gamla barnaskólanum Skógum fimmtud. 23. mars

Fyrsti tími kl 10:30, takamarkaður fjöldi.
Skráningar hjá Sigrúnu í síma 899-1010



Stjórnin

Aðalfundur

Kvenfélags Ljósvetninga

verður haldinn mánudaginn 27, mars kl. 20 á Arnstapa.

Venjuleg aðalfundarstörf

Nýjar félagskonur sérstaklega velkomnar.

Stjórnin Anna Kristín, Helen og Hulda E.

Framhaldsaðalfundur Rauða krossins í Þingeyjarsýslu

**Framhaldsaðalfundur Þingeyjarsýsludeildar Rauða krossins verður haldinn
Fimmtudaginn 5. apríl kl. 18.00 í Öxi, Kópakseri.**

Hægt verður að sækja fundinn rafrænt.
Senda skal á póst á formadur.thing@redcross.is fyrir tengil á fundinn.

Stjórn Þingeyjarsýsludeildar boðar til framhaldsaðalfundar deildarinnar.
Ekki tókst að ljúka formannskjöri á aðalfundi deildarinnar 27. febrúar
svo boðið er til framhaldsaðalfundar með eitt mál á dagskrá.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning formanns til tveggja ára skv. 19. gr laga Rauða krossins á Íslandi

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu **félagsgjöld fyrir árslok 2021**. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning.

Stjórnin



Rauði krossinn



ÞARF AÐ MÁLA FYRIR SUMARIÐ?

Getum bætt við okkur
málningarverkefnum
innanhus fram að vori.

Sæmundur Þór Sigurðsson
málarameistari. Sími 840 6466
Snow Dogs ehf.
Vallholti.



Messa á Grenjaðarstað

Almenn guðspjónusta verður á Grenjaðarstað
næstkomandi sunnudag, 19. mars kl. 11:00.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.

Auglýsing frá Ístex H/F.

Sauðfjorbændur ath.

Vegna breyttra aðstæðna sjá

Heimamenn Ehf

Vallholtsvegi 6, Húsavík

um poka fyrir ull í S-Þingeyjarsýslu.

Símanúmer hjá þeim er 8918800 og 464 2100 Brynjar.

**Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir starfsmönnum.
Leikskólastarfsmanni í afleysingar í Barnaborg og/eða í framtíðar-
starf.**

Skólaliða í 80 – 100% starf.

Við leitum að starfsmönnum sem:

Treysta sér í faglega og metnaðarfulla vinnu

- Eru lausnamiðaðir
- Eru sveigjanlegir og með góða samskiptahæfni
- Eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og sýna/búa yfir frumkvæði
- Hafa metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vilja taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Bera virðingu fyrir börnum og hafa áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nem-
endur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er
lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik-
og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum
skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint
sakavottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580 /8990702
eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is



Aðalfundur

Hjálparsveitar skáta í Aðaldal

verður haldin þann 28. mars nk. í húsi sveitarinnar
að lðjurgerði 1. Fundurinn hefst kl 20:00.

Hvetjum þau sem hafa áhuga á að ganga í sveitina að mæta, öll velkomin.

Kaffi og með því á staðnum

Kveðja Stjórnin

Umhverfis- og lýðheilsuþing verður haldið í Stórutjarnaskóla þriðjudaginn 21. mars

Viljum hvetja sem flesta til að koma og
kynna sér fjölbreytt umhverfisverkefni sem
nemendur hafa unnið að í vetur!

Dagskrá

13:00 Setning þings

13:05 Tónlistaratriði

13:10 Kynning á fatakönnun nemenda

13:20 Kynning á fatamarkaði nemenda

13:30 Kynning frá Rauðakrossi Íslands

14:00 Kaffihlé

14:20 *Sáð í sárin*

- frásögn nemenda

14:35 Lífið í skóginum Benjamín Davíðsson

-Sigríður Hrefna Pálsdóttir

14:55 Tónlistaratriði

15:00 Hreyfing

15:10 Gestir



Sumarstörf 2023

Orlofsbyggðin Illugastöðum óskar eftir að ráða fólk til sumars-
tarfa. Tvær stöður sundlaugarvarða í vaktavinnu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með öryggi sundlaugargesta í og við laug.
- Eftirfylgni með umgengnisreglum.
- Eftirlit með gæðum laugarvatns.
- Umsjón með hreinlæti í og við laug.

Hæfniskröfur:

- Hafa náð 20 ára aldri
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, heiðarleiki, jákvæðni og samviskusemi.

Einnig, starfskrafta á svæði þar sem helstu verkefni eru:
Sláttur, umhirða og þrif á útisvæði, yfirferð orlofshúsa á skipti-
dögum og fleiri tilfallandi verk.

Hæfniskröfur:

Stundvísi, heiðarleiki, jákvæðni og samviskusemi.
Bílpróf er kostur

Allar nánari upplýsingar veitir Þórólfur í síma 8662089, Sigrún í
síma 8989860 eða á illugast@gmail.com

Gauragangur á Breiðumýri

Leikrit eftir Ólaf Hauk Simonarson, tónlist eftir Nýdönsk

Kæru leikhúsunnendur,

Nú líður að fimmtu sýningarhelginni hjá okkur og spurning hvort við náum fleirum.

Við auglýsum sýningar um helgina:

Laugardagur 18. mars. kl. 16:00

Sunnudagur 19. mars kl. 16:00

Miðaverð:

- Fullorðnir kr. 3500.-
- 16 ára og yngri kr. 2300.-
- Eldriborgarar og öryrkjar kr. 3100.-

Félögum í Framsýn, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum stéttarfélögum áður en þeir koma á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Miðapantanir og nánari upplýsingar:

- ★ s. 618-0847
- ★ umfeffling@gmail.com
- ★ www.facebook.com/leikdeild.eflingar

Þeir allra snjöllustu geta einnig fylgt Umf. Eflingu á instagram



Ekki missa af unglíngnum og ljóðskáldinu Ormi Óðinssyni, þeim orðheppna dreng, og félögum hans á sviðinu í Breiðumýri.

Við minnum bæði á Dalakofann fyrir eða eftir sýningar sem og kaffi- og vöfflusölu Kvenfélags Reykdæla á sýningum.

Húsið opnar 30 mínútum fyrir sýningar

VELKOMIN Í LEIKHÚS Á BREIÐUMÝRI